

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi við Kistuholt 19 í Reykholti.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 19 er stækkuð og nær stækkunin yfir göngustíg sem nú er milli lóðanna nr. 17 og 19. Byggingarreitur verður stækkaður til norðurs.
Samþykkt í sveitarstjórn 30. júní 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi við Kistuholt 10, 12, 14, 16 og 25 í Reykholti.*
Í breytingunni felst meðal annars að gert verður ráð fyrir bílgeymslum á lóð nr. 25 í stað lóða nr. 10 og 14. Bílgeymsluhúsið má mest vera 150 m² og þakhalli má vera á bilinu 14° til 30°. Lóð nr. 25 verður minnkuð úr 920 m² í 625 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2009.
3. *Breyting á deiliskipulagi við Lindarskóg á Laugarvatni.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 12 verður hluti af gámasvæði á lóð nr. 14.
Samþykkt í sveitarstjórn 30. júní 2009.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Iðu II.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 8 stækkar úr 3.757 m² í 5.500 m² og lóð nr. 9 stækkar úr 3.710 m² í 5.400 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 9. desember 2008.
5. *Deiliskipulag fyrir íbúðarhús og skemmu í landi Kjarnholta III.*
Í deiliskipulaginu felst að á 4 ha spildu er gert ráð fyrir 0,8 ha lóð utan um íbúðarhús og 0,74 ha lóð þar sem heimilt er að reisa allt að 500 m² skemmu.
Samþykkt í sveitarstjórn 12. maí 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni 11. ágúst 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.